

Félagsfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 12. janúar 2010 á sal Akurskóla kl. 19.00

Mættir: Hafdís Hill, Sigríður Fanney Jónsdóttir, Sólveig Jóna Sævarsdóttir, Elfa Dögg Ómarsdóttir, Edvarð Már Flosason, Jenný Karen Magnadóttir, Sigrún Hill, Katrín Ósk Pétursdóttir, Mille Sörensen, Guðmunda Hergeirsdóttir, Ásta K. Guðmundsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir, Telma Guðlaugsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Kristín Helgadóttir, Baldur Sæmundsson, Kristín Helgadóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

Lovísa Hafsteinsdóttir, fundarstjóri setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var send fundarmönnum í tölvupósti fyrir félagsfundinn og samþykkt.

2. Skýrsla fagraðs

Fagraðið hefur sent skólastjórnendum erindi vegna nokkurra mála og beðið um að þau verði tekin fyrir á næsta skólaráðsfundi. Fyrsta málið varðar hádegishlé nemenda en foreldrar hafa velt því fyrir sér hvort ekki sé hægt að setja matinn á borðin hjá nemendum og þeir skammtað sér sjálfir á diskana. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir leiðinlegar biðraðir í hádeginu og hádegishléið orðið heimilislegra og notalegra.. Einnig væri þessi tilhögun mjög þægileg fyrir yngstu nemendur skólans sem eiga oft erfitt með að fara í sætin sín með fulla diska af mat án þess að eitthvað sullist niður á gólf.

Einnig hefur fagraðið sent erindi vegna sturtumála en sú hugmynd hefur verið rædd hvort nemendur gætu haft val um það hvort þeir fari í sturtu eftir leikfimi. Sturturýmið eru oft mikill eineltispottur auk þess sem margir nemendur eru viðkvæmir þegar kemur að sturtumálum, sér í lagi þeir eldri.

Þriðja málið sem beðið var um að tekið yrði fyrir í skólaráði eru samskipti heimilis og skóla. Foreldrar hafa oft talað um það á félagsfundum að best væri að stefna skólans væri skýr t.d. er varðar ábyrgð umsjónarkennara í samskiptum heimilis og skóla. Eiga þeir t.d. að bera ábyrgð á því að finna bekkjarfulltrúa í upphafi skóalárs og halda bekkjarkvöld einu sinni á önn svo eitthvað sé nefnt.

Enginn skólaráðsfundur hefur verið haldinn frá síðasta félagsfundum FFA en von er á að blásið verði til fundar fljótlega.

3. FFGÍR

Umferðamál hafa verið ofarlega á baugi hjá FFGÍR en gerð var könnun á haustdögum til að athuga hvernig málum væri háttað í næsta nágrenni skólanna. Í ljós kom að foreldrar eru að skapa mestu hættuna þegar þeir eru að skutla börnum sínum til skóla auk þess sem betri lýsingar er víða þörf.

Á fundi stjórnar FFGÍR var ákveðið að gefa 6 og 7 ára börnum grunnskólanna endurskinsvesti til að þau sjáist betur í myrkrinu. Sparisjóðurinn í Keflavík mun styrkja félagið til kaupanna. Vonandi verður vestunum dreift til nemenda fljótlega.

FFGÍR er vakandi fyrir því að fylgjast vel með forfallakennslu í grunnskólum bæjarins en foreldrar hafa áhyggjur af því að nemendur séu sendir oftar heim núna en áður vegna samdráttar. FFGÍR sendi erindi til umboðsmanns barna vegna málsins og fékk svar um hæl. Þar kom m.a. fram að skv. 28. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eigi starfstími nemenda í grunnskóla á hverju skólaári að vera níu mánuðir að lágmarki og skóladagar ekki færri en 180. Þá er sérstaklega tekið fram að kennslustundir nemenda í 8.-10. bekk eigi að vera að lágmarki 1.480 mínútur á viku.

Rætt var um mikilvægi þess að fylgjast vel með en FFGÍR mun leita eftir upplýsingum um ástandið hjá grunnskólum bæjarins og bera saman við fyrri ár.

Á þessu ári á að skera niður sérþjónustu í grunnskólum bæjarins um 30 milljónir sem samsvarar einu stöðugildi pr. skóla. Foreldrar hafa áhyggjur af afleiðingunum sem það getur haft og mun FFGÍR senda ályktun inn í fræðsluráð vegna málsins.

4. Skýrsla peysunefndar

Peysunefnd mun funda í næstu viku til að koma peysumálunum af stað. Mikið var rætt um útlit peysanna. Voru menn sammála um að láta nemendur í 10. bekk ákveða útlit á peysum í samráði við foreldra sína.

5. Önnur mál

Námsráðgjafi

Akurskóli hefur auglýst eftir námsráðgjafa við skólann og rennur umskóknarfrestur út um miðjan mánuðinn. Fundarmenn fögnuðu þessu.

Bókasafnsfræðingur

Spurt var um hvort að búið væri að ráða bókasafnsfræðing við skólann. Það hefur enn ekki verið gert en starfsmaður er núna með fasta viðveru á hverjum degi á safninu. Einnig var rætt um slakan bókakost safnsins sem væri vert að bæta.

Undirbúningsnefnd páskabingós FFA

Auglýst var eftir foreldrum nemenda í 4. og 5. bekk til að vera í undirbúningsnefnd fyrir páskabingó FFA. Baldur Sæmundsson, Milla Toft, Sigrún Hill, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Hulda Klara Hjaltadóttir gáfu kost á sér í undirbúninginn. Þau munu hittast fljótlega til að hefja undirbúning að hinu geysivinsæla páskabingói.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir